



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 50. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

### KJÖRTÍMABILIÐ 2018 – 2022 2. FUNDUR ÁRSINS

### VERÐUR HALDINN FIMMTUDAGINN 3. FEBRÚAR 2022

### KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU Á FLÚÐUM

Árið 2022, þann 3. febrúar kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsinu á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Sigfríð Lárusdóttir sem varamaður Bjarneyjar Vignisdóttur, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir að taka fyrir eitt mál, húsnæðissjálfsseignarstofnun á landsbyggðinni. Sveitarstjórn samþykkir að erindið verði lagt fram.

#### **Erindi til sveitarstjórnar:**

##### **1. Húsnæðisáætlun 2022.**

Oddviti kynnti drög að húsnæðisáætlun 2022 fyrir Hrunamannahrepp sem er unnin á rafrænan hátt í samstarfi við HMS. Á fundinn mætir Daði Geir Samúelsson sem hefur unnið að húsnæðisáætluninni fyrir sveitafélagið og fer yfir helstu forsendur. Sveitarstjórn þakkar Daða Geir fyrir góða vinnu og samþykkir húsnæðisáætlun 2022.

##### **2. Byggð á Bríkum: Deiliskipulagshugmyndir.**

Oddviti kynnti drög að breytingum á deiliskipulagi fyrir Byggð á Bríkum sem verið hefur verið að vinna í með Landslagi, skipulagshönnuðum svæðisins. Í tillögunum er m.a. verið að vinna að fjölgun rað- og parhúsa á svæðinu. Sveitarstjórn samþykkir að vinna strax að breytingum á deiliskipulagi einnar götu næst hringtorgi á Bræðratunguvegi þar sem gert væri ráð fyrir blandaðri byggð rað-, par- og einbýlishús og samhliða halda áfram að vinna að heildarendurskoðun skipulagskilmála svæðisins.

##### **3. Samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Hrunamannahrepps. Seinni umræða.**

Oddviti kynnti tillögu að breytingum á samþykktum Hrunamannahrepps til seinni umræðu. Sveitarstjórn samþykkir breytingar á samþykktunum.

##### **4. Hestamannafélag Uppsveita.**

Oddviti kynnti beiðni frá starfsstjórn Hestamannafélags Uppsveitanna um fund með stjórnendum Hrunamannahrepps til þess að ræða áframhaldandi samstarf. Sveitarstjórn óskar sameinuðu hestamannafélagi velfarnaðar og felur oddvita og sveitarstjóra að funda með félaginu um samstarfsmál.

##### **5. Loftslagsstefna.**

Oddviti kynnti vinnu við gerð aðgerðaráætlunar vegna loftlagsstefnu. Fyrir liggur verkáætlun og kostnaðarmat frá Elísabetu Björneyju Lárusdóttur. Sveitarstjórn samþykkir að ráða Elísabetu Björneyju sem verkefnisstjóra vegna verkefnisins og skipar oddvita, sveitarstjóra og skrifstofustjóra í verkefni.

##### **6. Límtré Vírnet ehf.: Forkaupsréttur.**

Oddviti kynnti erindi frá Límtré Vírnet ehf hvort sveitarfélagið vilji nýta sér forkaupsrétt að 48.125.000 hlutum að nafnvirði í Límtré Vírnet ehf. Sveitarstjórn fellur frá forkaupsrétti sínum.

##### **7. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála: Stjórnsýslukæra vegna deiliskipulags fyrir Holt.**

Oddviti kynnti stjórnsýslukæru vegna ákvörðunar sveitarstjórnar Hrunamannahrepps á deiliskipulagi Holts sem tók gildi 10. desember 2021. Sveitarstjórn samþykkir að fela skipulagsfulltrúa í samráði við lögmann sveitarfélagsins að svara kærinni fyrir hönd sveitarfélagsins.

8. **Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2022-2033 á Suðvesturlandi:**  
Oddviti kynnti sameiginlega svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2022-2033 á Suðvesturlandi. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti sameiginlega svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2022-2033.
9. **SASS: Sameiginlegt umdæmisráð barnaverndar.**  
Oddviti kynnti erindi stjórnar SASS um sameiginlegt umdæmisráð barnaverndar hjá sveitarfélögum á Suðurlandi. Sveitarstjórn samþykkir að stjórn Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings (NOS) verði falið að fjalla um málið og kanna vilja sveitarfélaga til samstarfs um umdæmisráð barnaverndar.
10. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Aðgengisfulltrúar sveitarfélaga og fjárstuðningur til úrbóta í aðgengismálum.**  
Oddviti kynnti átak sem felur í sér hvatningu til sveitarfélaga um að vinna markvisst að úrbótum í aðgengismálum í samræmi við stefnu og framkvæmdaráætlun í málefnum fatlaðs fólks og að skipa aðgengisfulltrúa og nýta þetta tækifæri til að fá fjárstuðning til þessara mikilvægu verkefna. Sveitarstjórn frestar málinu til næsta fundar.
11. **Ruslamálaráðherra 2022.**  
Oddviti lagði til að Sigríður Steinunn Einarsdóttir verði skipuð sem ruslamálaráðherra 2022 og var það samþykkt.
12. **17. júní nefnd.**  
Oddviti lagði til að Bragi Viðar Gunnarsson verði skipaður í 17. júní nefnd til tveggja ára og var það samþykkt. Jafnframt var samþykkt að Sigfríð Lárusdóttir verði skipuð í nefndina til eins árs vegna forfalla.
13. **Hesthúshverfi í Torfdal.**  
Oddviti kynnti erindi frá Guðríði Evu Þórarinsdóttur og Jóni William hvort það væri möguleiki á að koma upp hesthúshverfi í Torfdal. Sveitarstjórn samþykkir að vísa efni erindisins til umræðu við stjórn hestamannafélagsins og Reiðhallarinnar í tengslum við hugmyndir um endurskoðun á starfssvæðinu þeirra í Torfdal. Í framhaldinu verður tekin ákvörðun um hvort farið verði í skipulagsbreytingar eða ekki.
14. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um almannavarnir (almannavarnastig o.fl.).**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um almannavarnir (almannavarnastig o.fl.).
15. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd um tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál.
16. **Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um úttekt á tryggingavernd í kjölfar náttúruhamfara.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um úttekt á tryggingavernd í kjölfar náttúruhamfara.

#### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

17. **Skólanefnd: Fundargerð 21. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 1. febrúar s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 21. fundar skólanefndar vegna Undralands frá 1. febrúar s.l. Þar var fjallað um starf leikskólans að undanfögnu og skóladagatal næsta árs rætt. Þá var farið yfir búnað og úrbótaáætlun sem þarf að vinna vegna húsnæðis og lóðar leikskólans. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

#### **Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:**

18. **Fundargerð 232. fundar skipulagsnefndar frá 26. janúar s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. janúar s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 232. fundar skipulagsnefndar frá 26. janúar s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. janúar s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:  
**Mál nr. 24. Hrunamannafréttur: Kerlingarfjöll, deiliskipulagstillaga vegna landvarðarskála.**  
Lögð var fram tillaga að deiliskipulagi sem tekur til skilgreiningar lóðar fyrir landvarðarskála í Kerlingarfjöllum. Innan lóðar verður heimilt að byggja allt að

150 fm skálahús á einni til tveimur hæðum. Samhliða gildistöku þessa skipulags verður svæði fellt úr gildandi skipulagi svæðisins frá 2014 tillaga að deiliskipulagi sem tekur til skilgreiningar lóðar fyrir landvarðarskála í Kerlingarfjöllum.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins

**Mál nr. 25. Kotlaugar: Stofnun lóðar.**

Lögð var fram umsókn frá Helga Kjartanssyni er varðar stofnun lóðar. Í umsókninni felst stofnun lóðarinnar Kotlaugar 4 úr landi Kotlauga L166794.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki erindið. Nefndin bendir á að forsenda fyrir útgáfu byggingarleyfis á lóð sé gerð deiliskipulags eða grenndarkynning innan svæðisins. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir erindið. Nefndin bendir á að forsenda fyrir útgáfu byggingarleyfis á lóð sé gerð deiliskipulags eða grenndarkynning innan svæðisins.

Sigurður víkur sæti við meðferð og afgreiðslu málsins.

**Mál nr. 29. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. janúar s.l.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. janúar s.l.

**19. UTU bs.: Fundargerð 92. fundar stjórnar frá 26. janúar s.l. Breytingar á gjaldskrá.**

Oddviti kynnti fundargerð 92. fundar stjórnar UTU bs. þar var farið yfir breytingar á gjaldskrá byggingarfulltrúa og starfsmannamál. Sveitarstjórn samþykkir nýja gjaldskrá vegna útgáfu byggingarheimilda, byggingarleyfa og þjónustu byggingarfulltrúa en að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

**Önnur mál:**

**20. Húsnæðissjálfsveigarstofnun á landsbyggðinni.**

Oddviti kynnti erindi frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga varðandi stofnun húsnæðissjálfsveigarstofnunar á landsbyggðinni og könnun vegna stofnunarinnar. Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í húsnæðissjálfsveigarstofnuninni og mun líta til þess þegar ákvarðanir verða teknar um uppbyggingu félagslegs húsnæðis.

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

**a. SASS: Fundargerð 577. fundar stjórnar frá 7. janúar s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**b. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 308. fundar stjórnar frá 18. janúar s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**c. Bergisinn bs. Fundargerð 32. fundar stjórnar frá 20. september s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**d. Bergisinn bs. Fundargerð 33. fundar stjórnar frá 24. nóvember s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**e. Bergisinn bs. Fundargerð 34. fundar stjórnar frá 10. janúar s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**Kynningarmál:**

**f. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 48. fundar stjórnar frá 14. janúar s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**g. Samstarfsnefnd Kerlingarfjalla: Fundargerð frá 25. janúar s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**h. Umboðsmaður barna: Mat á áhrifum ákvarðana sveitarfélaga á börn og réttur barna til þátttöku og áhrifa.**

Lagt fram til kynningar.

**i. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 905. fundar stjórnar frá 14. janúar s.l.**

Lagt fram til kynningar.

- j. Ungmannafélag Hrunamanna: Ársskýrsla 2019 og rekstrarreikningur ársins 2019.**

Lagt fram til kynningar.

- k. Ungmannafélag Hrunamanna: Ársskýrsla 2020 og rekstrarreikningur ársins 2020.**

Lagt fram til kynningar.

- l. Mennta- og menningarmálaráðuneytið: Skólustarf og bólusetning barna.**

Lagt fram til kynningar.

**Fundir framundan:**

- m. Héraðsnefnd Árnesinga: Aukafundur 7. febrúar n.k.**

Lagt fram til kynningar.

- n. Þingmannafundur Suðurkjördæmis 17. febrúar n.k.**

Lagt fram til kynningar.

- o. Upplýsingafjarfundur stjórnar SASS með aðildarsveitarfélögum, 18. febrúar n.k.**

Lagt fram til kynningar.

- p. Upplýsingafjarfundur stjórnar SASS með aðildarsveitarfélögum, 18. mars n.k.**

Lagt fram til kynningar.

- q. Upplýsingafjarfundur stjórnar SASS með aðildarsveitarfélögum, 22. apríl n.k.**

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:06.